

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10345/2019

Reykjavík, 7. janúar 2020

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Til mín hefur leitað einstaklingur með kvörtun sem beinist að sölu á Rafveitu Reyðarfjarðar. Kvörtunin beinist m.a. að því að salan hafi farið fram í lokuðu ferli og engum öðrum en kaupendum, RARIK og Orkusölnunni, verið veittur kostur á viðræðum um kaup á eignunum eða að gera tilboð í þær. Samkvæmt því sem fram kemur á vefsíðu Fjarðabyggðar fer salan fram í tveimur hlutum, annars vegar með samningi við RARIK ehf. um sölu á dreifikerfi og spennistöðvun auk tilgreinds búnaðar og tækja og hins vegar vegar með samningi við Orkusölnuna ehf. um sölu á raforkuviðskiptum, yfirtöku á samningum við Landsvirkjun ásamt rafstöð og stíflu.

Ég hef um nokkurt skeið haft til athugunar mál sem lúta að meðferð og ráðstöfun eignarhluta sveitarfélaga í fyrirtækjum sem þau hafa eignaraðild að, m.a. með tilliti til meðferðar þeirra á eigendavaldi sínu og þess eftirlits sem sveitarstjórnnum ber að hafa um málefni sveitarfélaga, þ.m.t. ráðstöfun eigna þeirra. Í lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er honum sérstaklega falið að gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnarsýslunni. Athugunin er byggð á heimild minni samkvæmt 5. gr. laganna þar sem fram kemur að umboðsmaður geti að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar og geti jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar.

Í þessu sambandi tek ég fram að það hefur verið afstaða mín að eðlilegast sé, nema sérstök sjónarmið mæli þar í mót, að sveitarfélög auglýsi með opinberum hætti fyrirhugaða úthlutun gæða sem eftirspurn kann að vera eftir og haft geta umtalsverða fjárhagslega þýðingu fyrir hlutaðeigandi þannig að öllum þeim sem áhuga hafa gefist kostur á að láta hann uppi. Sjá nánar álit mitt frá 28. desember 2006 í máli nr. 4478/2005.

Í ljósi framangreinds og áður en ég tek afstöðu til þess hvort kvörtun sú sem að framan greinir verður tekin til frekari athugunar, eftir í tengslum við fyrrnefnda athugun mína eða á grundvelli 5. gr.

laga nr. 85/1997, óska ég þess með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, að Fjarðabyggð láti mér í té upplýsingar og gögn varðandi eftirtaldar ákvarðanir, þ.m.t. afrit af fundargerðum sveitarstjórnar og nefnda þar sem þær kunna að hafa komið til umfjöllunar og þau gögn sem kunna að hafa verið lögð fram á slíkum fundum:

1. Einstakar ákvarðanir sveitarfélagsins sem lúta að undirbúningi sölu á framangreindum eignum þess, þ.m.t. ákvarðanir sem kunna að hafa verið teknar af þess hálfu um hvernig staðið skyldi að því að afla kautilboða eða vali á viðsemjanda. Einkum er þess óskað að upplýst verði hvort rétt sé að sala á umræddum eignum og viðskiptum hafi ekki verið auglýst með opinberum hætti og ef svo er hvort og þá hvernig slíkt samrýmist grundvallarreglum stjórnsýsluréttar um jafnræði.
2. Einstakar ákvarðanir sveitarfélagsins sem lúta að samningsgerð um söluna, þ.m.t. ákvarðanir sem kunna að hafa verið teknar af hálfu sveitarfélagsins um afstöðu þess til kautilboða.
3. Einstakar ákvarðanir sem sveitarfélagið kann að hafa tekið um að trúnaður skyldi ríkja um sölu þess á umræddum eignum.

Þess er óskað að framangreindar upplýsingar og gögn endurspegli eftir því sem kostur er hvernig aðkomu sveitarstjórnar að umræddum ákvörðunum var háttað. Óskað er eftir því að umbeðnar upplýsingar og gögn berist umboðsmanni eigi síðar en 28. janúar nk.

Tekið skal fram að athugun umboðsmanns lýtur ekki á þessu stigi að ráðstöfun Fjarðabyggðar á umræddum eignum heldur er beiðnin m.a. sett fram í tilefni af athugun umboðsmanns á öðrum málum og þá með það fyrir augum að umbeðnar upplýsingar og gögn kunni að nýtast við þá athugun. Komi til þess síðar að tilefni sé að mínu mati til að taka stjórnsýslu Fjarðabyggðar í framangreindu máli til nánari athugunar mun ég gera sveitarfélaginu sérstaklega grein fyrir því.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson

Mótttekið þann

09. JAN. 2020

 FJARÐABYGGÐ